

AD SÁ FRÆI

16. ágúst



16. ÁGÚST VERÐUR SAMEIGINLEGUR FRÆÐSLUDAGUR HVERAGERÐIS.

Markmið dagsins er að blása fólki byr í brjóst fyrir komandi verkefni í lífi og starfi.

Fræðsludagurinn er góð leið til að styrkja tengsl milli einstaklinga og stofnana.

Dagskrá er frá kl. 9:00 til 14:00

Við hlökkum til að eiga með ykkur góðan dag.



HVERAGERÐISBÆR

DAGSKRÁ FRÆÐSLUDAGS

Við opnum húsið kl. 8:00

Að sá fræi - kveikjur dagsins.

kl. 9:00 **Tölum saman; viðhorf og samskipti í inngildandi samfélagi**
Fríða Bjarney Jónsdóttir

kl. 9:30 **Hvað markar þína vegferð? Fagmennskan sem leiðarvísir í faglegu starfi.**
Hulda Dögg Proppé

kl.. 10:00-11:30 Vinnustofur og erindi

11:30-12:30 Matur, Skyrgerðin mun sjá um mat fyrir fræðsludagsgesti.

12:30 -14:00 Vinnustofur og erindi

14:00 Skyrgerðin tekur á móti fræðsludagsgestum þar sem gefst tækifæri til ferkari ígrundunar.



STOFA 1 – SÁLUR

KL. 10–11:30

Veitum röddum vængi; leikskóli sem inngildandi námsrými til samskipta og skilnings.

Í fyrirlestrinum byggir Fríða á rannsóknum sínum, reynslu og þekkingu af leikskólastarfi með fjölbreyttum barna og foreldrahópi en á liðnum árum hefur hún skoðað skólastarf með áherslu á inngildingu og menningarlegan margbreytileika. Hún mun meðal annars fjalla um helstu niðurstöður doktorsrannsóknar sinnar sem snéri að því að skoða hvernig unnið var að þróun inngildandi námsrýma fyrir fjöltýngd leikskólabörn og beindi sjónum að árangursríkum starfsháttum kennara og því hvernig stutt var við málþroska og læsi, sjálfsmynd og samstarf við foreldra. Í lokin verður skoðað hvernig hægt er að nýta þessar niðurstöður með hagnýtum hætti í leikskólastarfi og þær skoðaðar í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á aðalnámskrá leikskóla.

KL. 12:30–14:00

„Tími til kominn að tengja“ – Útímenntun sem leið til tengslamyndunar

Jakob Frímann Þorsteinsson lauk nýverið doktorsrannsókn sem ber heitið: Möguleikar útímenntunar á Íslandi: Hvernig náttúran stuðlar að staðartengdri reynslu, ígrundun og vináttu. Doktorsverkefnið í heild varpar ljósi á breitt svið útímenntunar, t.d. í frístundastarfi, ferðaþjónustu og skólum. Þrjár spurningum eru lagðar fram sem fjalla um hvað einkennir orðræðu um útímenntun á Íslandi, hvernig möguleika felur reynslumiðuð útímenntun í náttúrunni á Íslandi í sér til að virkja staði, ígrundun og vináttu og hvernig útivera og ferðahegðun barna er undir áhrifum frá félagslegum og heilsufarslegum þáttum. Gildi rannsóknarinnar fyrir útímenntun og menntun almennt er að kanna þá möguleika sem felast í útímenntun í samhengi við útivist barna og upplifun af náttúru. Mikilvægið felst í því að vekja máls á stöðu útímenntunar í skólum, frístundastarfi og ferðaþjónustu og gildi þess að styrkja stöðu hennar svo að fólk, sérstaklega börn, geti notið möguleika reynslubundinnar útímenntunar í náttúrunni.

Hann mun meðal annars leitast eftir að svara þessu mikilvægu spurningum.

Hvað einkennir markvisst útinám?

Hvar liggja tækifæri í útinámi, útiveru og útivist?

Tengsl útímenntunar við heilsu, velferð, hamingju og farsæld?



STOFA 2 – BUNGUBREKKA

KL. 10–11:30

Sagan okkar

Njörður Sigurðsson leiðir gagnlega sögugöngu um Hveragerði. Í Hveragerði hefur verið komið upp fjölda söguskilta á undanförnum árum þar sem greint er frá helstu atriðum í sögu bæjarins og verður gengið á milli nokkurra þeirra. Það felst mikið tækifæri í því að efla kunnáttu okkar á helstu staðháttum í nærumhverfinu öllum til fróðleiks og gagns. Möguleikar eru á að flétta nærumhverfi og sögu bæjarins inn í námsefni barna, tengja við þróun byggðar, atvinnulíf, umhverfi og náttúru svo eitthvað sé nefnt.

KL. 12:30–14:00

Töfralausnir trello

Ingimar Guðmundsson forstöðumaður Bungubrekku verður með kennslu í möguleikum trello forritsins. Trello er forrit sem býður uppá mikla og fjölmarga möguleika til að skipuleggja starfið sitt betur. Það er einfalt í notkun og lítið mál að læra á það.

Í Bungubrekku eru forritið notað fyrir verkefnastýringu, mætingarkerfi í frístund, viðburðabanka fyrir félagsmiðstöðina, við skipulag innra mat, við gerð úrræðalista og margt fleira.

Þáttakendur þurfa ekki að hafa þekkingu á Trello til þess að geta tekið þátt. Þáttakendur sem nota forritið eru hvattir til þess að koma með vandamál sem tengjast uppsetningu á Trello sem hægt er að leysa saman.



STOFA 3 –

KL. 10–11:30

Um einhverfu og snemmtæka íhlutun:

Rætt verður helstu einkenni einhverfu/einhverfurófið og mismunandi birtingarmyndir út frá aldri, kyni og þroskastöðu. Farið verður yfir snemmtæka íhlutun og gagnlegar leiðir í kennslu og þjálfun barna á einhverfurófi.

Horft verður til barna á leikskólaaldri og yngsta stigi leikskóla.

KL. 12:30–14:00

Einhverfa og nám barna á einhverfurófi:

Rætt verður helstu einkenni einhverfu /einhverfurófið og mismunandi birtingarmyndir út frá aldri, kyni og þroskastöðu. Rætt verður um leiðir og áskoranir við að koma á mótis við börn á einhverfurófi með ólíkar þarfir og að setja upp einstaklingsmiðaða kennslu/íhlutun.

Horft verður til barna á mið- og elsta stigi skóla.



STOFA 4 –

KL. 10–11:30 OG KL. 12:30–14:00

Þú ert sterkari en þú heldur – Velferðarlag.

Á þessari vinnustofu er hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði kynnt með áherslu á hvernig hægt er að auka vellíðan og hamingju.

Sérstök áhersla er á að kynna þátttakendum aðferðir núvitundar með samkennt sem eru gagnreyndar æfingar og aðferðir sem miða að því að auka andlega vellíðan einstaklinga og mildi í eigin garð.

Leiðbeinandi er Silja Þórðardóttir.



STOFA 5 –

KL. 10–11:30

Hvað liggur á bak við erfiða hegðun?

Í fyrirlestrinum mun Aðalheiður leiða okkur inní þá hugarfarsbreytingu sem á sér stað í heiminum um hvernig við skiljum og mætum hegðun barna. Fjallað verður um helstu áhrifavalda taugakerfis í uppnámi og hvernig við getum fyrirbyggt og mætt barni í tilfinningalegu uppnámi. Aðalheiður mun einnig fjalla um okkar eigin triggera sem geta kviknað þegar barnið sýnir erfiða hegðun og hvað við getum gert til þess að tryggja okkar eigin velferð í starfi. Fyrirlestrinum er ætlað að auka hæfni þátttakenda til þess að undrast yfir erfiðri hegðun, eigin viðbrögðum og veita jafnframt praktísk ráð og innblástur að kærleiksríkri tengslamyndun og betri skóladegi. Það er hérna sem farsældin byrjar!

KL. 12:30–14:00

Leiðtogar sem efla lærdómssamfélög

Fræðsluerindi fyrir þá sem eru að hefja störf í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða við stuðningsþjónstu og þjálfun. Rætt verður um mikilvæg gilda í starfi og hvernig megi taka sér leiðandi hlutverk á vettvangi til að efla lærdómssamfélag stofnunarinnar.



KYNNING Á FYRIRLESURUM

Hulda Dögg Proppé útskrifaðist með M.Ed. frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2014. Hún hefur starfað við Sæmundarskóla allar götur síðan, fyrst sem íslenskukennari með umsjón og nú sem deildarstjóri unglíngadeildar. Hulda hefur verið leiðsagnarkennari fyrir nemendur á lokaári í námi auk nýútskrifaða kennara. Frá árinu 2021 hefur Hulda verið aðjúnkt við Menntavísindasvið og komið að kennslu nemenda á lokaári í kennaranámi auk þess sem hún hefur kennt námskeið í leiðsögn á vettvangi. Hulda hefur setið í stjórn Samtaka áhugafólks um skólaþróun frá árinu 2015 og verið formaður frá árinu 2019.

Jakob Frímann Þorsteinsson er með MA gráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands í náms- og kennslufræðum og stundar nú doktorsnám. Hann hefur starfað við Háskóla Íslands frá 2004 þar sem sérsvið hans er óformlegt og formlegt nám, tólmstundafræði, forvarnir, útinám, útilíf og útivist. Starfið felst í kennslu, rannsóknum og þróun náms í tólmstunda- og félagsmálafræði.

Starfsreynsla Jakobs fyrir utan HÍ hefur m.a. verið í félagsmiðstöðvum, Hinu Húsinu, Siglunesi og við stjórnun og stefnumótun, við kennslu í grunnskóla og sjálfstætt við símenntun og ýmis þróunar- og ráðgjafarverkefni. Hann er hefur nýlokið doktorsrannsókn sinni sem ber heitið: Möguleikar útímenntunar á Íslandi: Hvernig náttúran stuðlar að staðartengdri reynslu, ígrundun og vináttu.

Fríða Bjarney Jónsdóttir er menntaður leikskólakennari og lauk meistaraþrófi í menntunarfræðum með áherslu á fjölmenningu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2011. Hún starfaði um tólf ára skeið í leikskólanum Lækjaborg og stýrði meðal annars þróunarverkefninu „Lækjaborg fjölmenningarlegur leikskóli“. Að því loknu hóf hún störf sem leikskólaráðgjafi og árið 2008 tók hún við starfi sem verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólum Reykjavíkur. Hjá Reykjavíkurborg hefur hún tekið þátt í stefnumótun um málaflokkinn bæði innan borgar og utan, þróað námsefni og handbækur fyrir fjölmenningarlegt leikskólastarf og sinnt starfsþróun. Frá árinu 2018 hefur Fríða stýrt Nýsköpunarmiðju menntamála hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Hún hefur unnið að doktorsnáminu með hléum frá árinu 2014, tekið þátt í erlendum og innlendum rannsóknum og komið að kennslu á Menntavísindasviði HÍ. Hún lauk nýverið við doktorsrannsókn sína sem ber heitið: Veitum röddum vængi: Leikskóli sem inngildandi námsrými til samskipta og skilnings. Heimabærinn henna Fríðu er Hveragerði.

Aðalheiður Sigurðardóttir er menntaður Tilfinningaráðgjafi frá EQ Institute í Osló. Hún hefur haldið fyrirlestra og námskeið í gegnum fyrirtækið sitt Ég er Unik frá árinu 2015. Hennar áherslur og sérþekking eru tilfinningagreind, tengsl, skynjun og taugakerfið. Aðalheiður starfar einnig sem ráðgjafi fyrir foreldra og skólafólk. Hennar helsta ástríða og drifkraftur kemur frá því að vera móðir tveggja barna sem upplifa heiminn sterkt. Hún miðlar því bæði frá þekkingu og djúpri persónulegri reynslu.

Sigrún Kristjánsdóttir þroskajálfi og með MA í uppeldis og kennslufræðum frá HÍ

Hún hefur sérhæft sig í einhverfu og gagnreyndum aðferðum í kennslu og þjálfun barna með einhverfu og þroskahömlun.

Hún hefur starfað við ráðgjöf í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla, ráðgjöfin byggist á því að skoða stöðu barnsins á öllum þroskapatnum og eftir þörfum, greina hegðunarvanda, setja síðan upp markvissa íhlutun/kennslu fyrir barn, fylgjast með framvindu og setja ný markmið eftir því sem við á. Þessi vinna er unnin í nánú samstarfi við starfsfólk sem vinnur með barninu daglega og þeim sem stýra sérkennslu, þeim er leiðbeint að beita gagnreyndum aðferðum með sýnikennslu og æfingum.



Um Velferðarlag: Markmið okkar í Velferðalagi er standa að námskeiðum og fræðslu sem stuðla að aukinni vellíðan og hamingju þátttakenda. Unnið er eftir hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði þar sem þátttakendur fá tækifæri til að prófa ýmsar aðferðir og æfingar á eigin skinni.

Að Velferðalagi standa: Ilmur Dögg Níelsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur: Diplóma í heilsugæsluhjúkrun, leiðbeinandi í skyndihjálpi frá RKÍ, diplóma í geðheilbrigði og diplóma í jákvæðri sálfræði. Ólína Þorleifsdóttir, kennari og skólastjóri: M.Ed. í stjórnun menntastofnana, diplóma í sérkennslufræði, markþjálfari og diplóma í jákvæðri sálfræði. Silja Þórðardóttir, lyfjafræðingur og jógakennari: M.S. í lyfjafræði, jógakennari, áfallamiðuð jógakennsla, yoga nidra, pranayama kennsluréttindi og diplóma í jákvæðri sálfræði.

Halldóra G. Helgadóttir starfar sem teymisstjóri og ráðgjafi við leik- og grunnskóla hjá Félags- og skólaþjónstu Rangárvalla og Vestur Skaftafellsýslu. Hún er kennari með M.ed í starfstengdri leiðsögn og kennsluráðgjöf. Hún hefur starfað sem verkefnastjóri hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, verið með fræðslu í Endurmenntun HÍ ásamt því að hafa víðtæka reynslu af starfi með börnum og fullorðnum. HHalldóra hefur verið að halda fyrirlestra til að varpa ljósi á þessa mikilvægu samvinnu allra og blása byr í brjósti þeirra fólks sem starfar í leik og grunnskólum.

Ingimar Guðmundsson hefur starfað sem forstöðumaður Bungubrekku síðustu ár og er þekktur orðinn fyrir gott skipulag og utanumhald meðal annars í gegnum forritið trello. Bungubrekka var tilnefnd til íslensku Menntaverðlaunanna 2023. Ingimar bý yfir fjölbreyttri og alþjóðlegri reynslu í frístunda- og skólamálum ásamt verkefna- og teymisstýringu. Hann hefur mikla reynslu af því að stýra fræðslu- og kynningarstarfi með ólíkum útfærslum með ólíkum hópum. Þá hefur hann góða þekkingu og reynslu af málefnum sem snúa að velferð og menntun barna og unglinga. Áður starfaði Ingimar sem teymisstjóri hjá The International English School Huddinge í Stokkhólmi þar sem hann stýrði teymi af hegðunarráðgjöfum, sérkennslustjóra og skólahjúkrunarfræðing og bar ábyrgð á öllum samskipta- og hegðunarmálum nemenda.

Njörður Sigurðsson er sagnfræðingur og aðstoðarþjóðskjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands. Hann er jafnframt bæjarfulltrúi í Hveragerði. Hann hefur boðið hópum uppá göngu um helstu svæði Hveragerðis í nokkuð mörg skipti og þekkir sönguna vel.

